

# FORSENDUR REKSTRAR



Þekkingarsetur Vestmannaeyja  
rekstraráætlun og forsendur - 15. febrúar 2019

## Rekstrar og starfsáætlun 2019

Árið 2019 er annað starfsárið í nýju húsnæði að Ægisgötu 2. Árið 2018 snerist að miklu leyti að því að aðlaga starfsemi og reksturinn að nýju og stærra húsnæði. Flutningunum fylgdu töluverðar breytingar í umfangi starfseminnar og rekstrarfyrirkomulagi. Vestmannaeyjabær leigir nú ÞSV aðra hæðina að Ægisgötu 2 sem eru rúmlega 1000 fermetrar. ÞSV leigir síðan aðstöðuna áfram til þeirra aðila sem starfa innan ÞSV ásamt því að nýta ákveðinn hluta undir eigin starfsemi.

Framundan eru fyrirhugaðar frekari breytingar í rekstri en áformað er að rekstur Sæheima verði lagður niður á árinu og ný stofnað fyrirtæki, Beluga Operation Company ehf., sem rekið er undir nafninu SeaLife Trust opnar nýtt sædýrasafn á jarðhæð Ægisgötu 2 og verður jafnframt samstarfsaðili innan ÞSV.

### Staða megin samninga

Auk leigu- og þjónustusamninga starfar ÞSV samkvæmt samningum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Vestmannaeyjabæ og Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (Tafla 1).

Samningur var gerður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið við stofnun ÞSV um grunnrekstur og ákveðna þjónustu. Samningurinn var endurnýjaður síðast árið 2014 en hefur verið framlengdur tvisvar með viðaukum sem nú gildir til 31.12.2019.

Samningar við Vm.bæ um annarsvegar rekstur Sæheima frá árinu 2010 og hinsvegar Sagnheima frá árinu 2011 eru fallnir úr gildi. Til stendur að hætta rekstri Sæheima á árinu 2019 en viðræður við Vm.bæ varðandi samning um rekstur Sagnheima og Sæheima (þar til starfsemin þar hættir) er í gangi.

Samningur við Vm.bæ um ráðgjöf og umsjón markaðsmála innan ferðaþjónustunnar frá árinu 2016 er fallin úr gildi og verður ekki endurnýjaður.

Samningur við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um atvinnuráðgjöf sem jafnframt er frá árinu 2016 er í gildi og tekur breytingum samkvæmt vísitölu.


Í lok árs 2018 voru alls 15 leigu- og þjónustusamningar við samstarfsaðila með aðstöðu innan ÞSV. Eyjafréttir fluttu í Setrið um mitt ár 2018 og tölvuleikjaframleiðandinn CCP+ flutti inn með starfsstöð í lok ársins. Samningur við SeaLife Trust tók að hluta til gildi á árinu 2018 en í mars 2019 mun samningurinn taka að fullu gildi. Með þekkingarsetrinu verða þá 15 lögaðilar með starfsemi innan ÞSV og alls 30 starfsmenn með aðsetur á 2. hæð að Ægisgötu 2.

**Tafla 1. Verðmæti samninga.** Breytingar frá 2018 skýrast af 1) Samningar um ferðaþjónustu falla úr gildi og breytingar í rekstri safna. 2) Nýjir leigutakar koma inn og gerður er þjónustusamningur við Merlin.

SAMINGSADILAR	FLOKKUR	BREYTING	ÁÆTLUÐ UPPHÆÐ 2019
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Grunnrekstur- þjónusta	+2,4%	29,7 milljónir
Vestmannaeyjabær <sup>1</sup>	Rekstur/þjónusta		15 milljónir
Samtök Sunnlenskra Sv.	Þjónusta	+2,3%	10,8 milljónir
Samstarfsaðilar/leigutakar <sup>2</sup>	Leigu-, rekstrar og þjónustusamn.		43,3 milljónir


## Starfsmannavelta

Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum í starfsmannahaldi á árinu 2019. Þar til samningi um rekstur Sæheima líkur í mars er gert er ráð fyrir 9,5 stöðugildum hjá ÞSV en eftir það er gert ráð fyrir að þau verði 7,5. Að jafnaði verða um 8 stöðugildi hjá ÞSV yfir árið 2019.



Samningur við Vm.bæ um markaðsmál og ráðgjöf innan ferðaþjónustunnar er ekki endurnýjaður og því verður ekki ráðin nýr starfsmaður fyrir Raquel

Díaz sem hætti störfum á árinu 2018. Í Mars 2019 munu starfsmenn Sæheima færast yfir til SeaLife en þá mun ÞSV hætta með rekstur Sæheima. Í móttöku ÞSV er einn starfsmaður í 100% stöðugildi en þeir voru tveir í 50% starfi á síðasta ári. Í byrjun árs 2018 var ákveðið að gera tilraun með að ráða fastan starfsmann í 50% stöðu til þess að annast kaffistofu og þrif á hæðinni. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og því gert ráð fyrir því áfram. Vegna mikilla framkvæmda á bæði jarðhæð og annarri hæð hefur starfsmaður verið í tímabundnum verkefnum tengdum framkvæmdunum en áætlað er að þeim ljúki að mestu í mars eða samhliða opnun Sealife.



## Rekstur sviða

### Kjarnasvið

Sviðið fer með stjórnun, mannhald, umsjón, bókhald og rekstur húsnæðis að Ægisgötu 2 ásamt því að þjónustuskrifstofa með stuðningi við aðrar stofnanir er rekin innann Kjarnasviðs (Mynd 1).

Heildar tekjur sviðsins eru áætlaðar 73 milljónir og eru tekjustofnarnir annarsvegar samningur við Menntamálaráðuneytið, leigutekjur og ýmsar þjónustu- og umsýslutekjur. Samningurinn við Menntamálaráðuneytið var endurnýjaður síðast 2. júlí 2014 með gildistíma í þrjú ár. Viðaukar fyrir áframhaldandi samstarf hafa verið undirritaðir fyrir bæði 2018 og 2019. Samningarnir taka mið af fjárlögum hvers árs. Framlag vegna samningsins hækkar um 2,4% milli áranna 2018 og 2019 og verður kr. 29,7 milljónir (Tafla 2). Heildar kostnaður Kjarnasviðs með þjónustuskrifstofu er áætlaður 66,7 milljónir. Afkoma sviðsins með þjónustuskrifstofu er því 6,3 milljónir en rekstur hennar er sundurliðaur hér að neðan.

### Þjónustuskrifstofa

Samanlagðar tekjur þjónustuskrifstofu af leigutökum eru áætlaðar 43,3 milljónir og samanlagður kostnaður 42,5 milljónir. Rekstur þjónustuskrifstofu samastendur af húsaleigu, tekjum vegna útlagðs rekstrarkostnaðar, almenn þjónusta til leigutaka eins og húsvarsla, móttaka og þrif, ýmis sérgreind þjónusta sem veitt er til sumra stofnanna og loks sameiginleg kaffistofa (Tafla 2).

**Húsaleiga.** Tekjur vegna húsaleigu hækka í 18,8 milljónir sem stafa annarsvegar af fjölgun leigutaka í húsinu og vísitöluhækkunum. Leigutekjur hækka í takt við hækkun grunnleigu hjá Vm.bæ á allri hæðinni en leigan tekur mið af vísitölu og tekur breytingum á sex mánaða fresti. Hækkunin fyrstu sex mánuði ársins er tæp 1,8% og er áætluð hækkun síðari sex mánuði ársins 2%. Leigukostnaður sem greiðist til Vestmannaeyjabæjar verður 21,2 milljónir á árinu 2019. Mismunur á leigutekjum og kostnaði eru leigugjöld ÞSV vegna þeirrar aðstöðu sem starfsemin tekur undir sig að Ægisgötu 2.

Kostnaður vegna húsaleigu ÞSV er því 2,4 milljónir á ári eða 200 þúsund á mánuði.

**Rekstur húsnæðis og þjónusta.** Rekstrarkostnaður er hiti, vatn, rafmagn, sorp og ræsting en gert er ráð fyrir 2% hækkun á rekstrarkostnaði sem þýðir að tekjur vegna reksturs eru áætlaðar 6,7 milljónir. Hækkun vegna þjónustu er einnig áætluð 2% á árinu sem gerir 8,6 milljónir í þjónustutekjur. Þjónustu- og rekstrartekjur verða því alls 15,3 milljónir. Ýmis sérgreind þjónusta er áætluð 4,5 milljónir.

**Kaffistofa.** Starfsmannafélag ÞSV hefur til þessa rekið sameiginlega kaffistofu ÞSV en þar sem að umfang kaffistofunnar er nú mun meira eftir að starfsemin fluttist á Ægisgötu 2 færist reksturinn yfir á ÞSV. Mánaðargjald fyrir einn starfsmann fyrir kaffi og morgunbrauð er kr. 5.000 en fyrir bara kaffi er það kr. 2500. Tekjurnar færast sem þjónustugjöld vegna kaffistofu og mun rukkast með útsendum leigu-, rekstrar- og þjónustureikningum ÞSV. Gert er ráð fyrir að um 40 starfsmenn og nemendur nýti sé kaffistofuna að jafnaði yfir árið. Heildartekjur vegna Kaffistofu eru áætlaðar 2,3 milljónir og heildarkostnaður kr. 2,2 milljónir.

Tafla 2. Rekstraráætlun þekkingarseturs Vm 2019

Áætlaðar tekjur		2019
<b>Kjarnasvið</b>	Framlag ríkis	29,700,000
	Þjónustuskrifstofa (leiga, rekstur,þjónusta, sérgr.þj. og kaffist.)	43,340,000
	<i>Húsaleiga</i>	<i>21,190,000</i>
	<i>Rekstur</i>	<i>6,700,000</i>
	<i>Þjónusta</i>	<i>8,650,000</i>
	<i>Ýmis önnur sérgreind þjónusta</i>	<i>4,500,000</i>
	<i>Kaffistofa</i>	<i>2,300,000</i>
<b>Stoðsvið</b>	Atvinnumál/SASS	10,800,000
	Ferðamál, Vestmannaeyjabær	0
	Ýmis verkefni/jarðhæð-ofl.	4,000,000
	Rannsóknir (ýmis verkefni)	7,000,000
<b>Safnasvið</b>	Rekstrarframlag Vmbæjar	15,000,000
	Seld þjónusta	2,000,000
	Verkefna og rekstrarstyrkir	1,000,000
<b>Fjármagnstekjur</b>		1,000,000
<b>Samtals tekjur</b>		<b>113,840,000</b>
Áætlaður kostnaður		
<b>Kjarnasvið</b>	Launakostnaður, v yfirstjórnar og skrifstofu ÞSV	19,200,000
	Annar kostnaður (sem ekki er útseldur nema að litlu leyti)	5,000,000
	Þjónustuskrifstofa (leiga, rekstur og þjónusta)	42,500,000
	<i>Grunnleiga til Vmbæjar m eigin leigu ÞSV</i>	<i>21,190,000</i>
	<i>Rekstur (rafmagn, hiti, sorp)</i>	<i>6,700,000</i>
	<i>Sameiginleg þjónusta (laun og umsýsla)</i>	<i>8,650,000</i>
	<i>Sérgreind þjónusta (laun og umsýsla)</i>	<i>3,760,000</i>
	<i>Kaffistofa</i>	<i>2,200,000</i>
<b>Stoðsvið</b>	Launakostnaður	21,290,000
	Annar kostnaður	2,000,000
<b>Safnasvið</b>	Launakostnaður	14,500,000
	Annar kostnaður	3,000,000
<b>Tæki- og bún.</b>	Keypt tæki og búnaður	3,000,000
<b>Samtals kostnaður</b>		<b>110,490,000</b>
<b>Áætlaður hagnaður</b>		<b>3,350,000</b>

## Stoðsvið

Stoðsvið hefur það hlutverk að vera stuðningur við atvinnulífið í formi ráðgjafar, rannsókna og fræðslu. Undir sviðið fellur samningur við SASS en gert er ráð fyrir að samningurinn skili tekjum upp á 10,8 milljónir (Tafla 1&2). Tekjur vegna rannsóknaverkefna og rannsóknabáta eru áætlaðar 7 milljónir tekjur vegna vinnu og þjónustu við jarðhæð að Ægisgötu 2 eru áætlaðar 4 milljónir. Í tengslum við komu mjaldra og uppsetningu á fiskasafni að Ægisgötu 2 mun Þekkingarsetrið gera úrbætur á dæluhúsi og dælum sem er í eigu Þekkingarsetursins og leggja til sjó í hina nýju aðstöðu gegn gjaldi. Jafnframt mun ÞSV útbúa aðstöðu fyrir rannsóknarbúnað og geymslu á jarðhæð að Ægisgötu 2. Samningur við Vm.bæ vegna ferðþjónustunnar verður ekki endurnýjaður og mun því ÞSV ekki vinna sérstaklega að verkefnum fyrir Vestmannaeyjabæ í tengslum við ferðþjónustuna. Heildar tekjur á stoðsviði eru áætlaðar 21,8 milljón.

Kostnaður sem fellur á sviðið er launakostnaður vegna atvinnuráðgjafar sem tengist samningum við SASS, rekstrarkostnaður á rannsóknarbátum, ýmiss kostnaður vegna uppbyggingar á aðstöðu á jarðhæð Ægisgötu fyrir ÞSV og launakostnaður vegna vinnu við jarðhæð og þjónustu við nýtt fiskasafn og sundlaug fyrir mjaldra. Einnig fellur til kostnaður vegna erinda sem haldin eru í tengslum við atvinnulífið í Vestmannaeyjum og þá sérstaklega sjávarútvegin. Heildarkostnaður á Stoðsviði er áætlaður 23,3 milljónir sem þýðir að sviðið er í raun rekið með 1,5 milljón krónu halla (Tafla 3).

## Safnasvið

Innan Safnasviðs hafa verið rekin tvö söfn, Sagnheimar og Sæheimar, en í mars 2019 mun rekstri Sæheima verða hætt og starfsfólk Sæheima færast yfir til Beluga Operation Company sem mun hefja rekstur á nýju safni að Ægisgötu 2. Framlög Vestmannaeyjabæjar vegna reksturs safnanna mun því taka mið af þessum breytingum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag Vestmannaeyjabæjar lækki um 5 milljónir eða fari niður í 15 milljónir. Gert er ráð fyrir tekjum af aðgangseyri og minjagripasölu upp á kr. 2 milljónir og verkefna og rekstrarstyrki upp á eina milljón. Heildar tekjur sviðsins eru því áætlaðar 18 milljónir á móti 17,5 milljónum í kostnaði sem er fyrst og fremst launakostnaður, 14,5 milljónir og annar verkefnatengdur kostnaður 3 milljónir. Rekstrarafkoma Safnasviðs er áætluð 500 þúsund (Tafla 3)

Tafla 3. Afkoma sviða

<b>Kjarnasvið</b>	Tekjur alls	73,040,000
	Kostnaður alls	- 66,700,000
	Niðurstaða	6,340,000
<b>Stoðsvið</b>	Tekjur alls	21,800,000
	Kostnaður alls	- 23,290,000
	Niðurstaða	- 1,490,000
<b>Safnasvið</b>	Tekjur alls	18,000,000
	Kostnaður alls	- 17,500,000
	Niðurstaða	500,000.00

## **Rekstrarniðurstaða heildar**

Þó svo að nú náist heilt rekstrar ár í nýju húsnæði er enn nokkur óvissa er tengist uppbyggingu á aðstöðunni að Ægisgötu 2 og ekki síst vegna komu Beluga Operation Company inn í Þekkingarsetrið og þjónustunni sem ÞSV mun veita í tengslum við komu þeirra.

Heildar tekjur árið 2019 eru áætlaðar kr. 113,8 milljónir. Rekstrarkostnaður heildar er áætlaður kr. 110,5 milljónir. Gert er ráð fyrir að rekstur Þekkingarseturs Vestmannaeyja árið 2019 skili tekjuafgangi upp á 3,3 milljónir.

Vestmannaeyjum, 15.2. 2019

Páll Marvin Jónsson  
framkvæmdastjóri ÞSV